

Ályktun stjórnar BSRB um að hlífa láglaunafólki – 05.10.10

Stjórn BSRB mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að sækja rúma 2 milljarða króna til barnafólks og þeirra lægst launuðu, sem fram koma í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011. Enn einu sinni á að skerða greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi, að þessu sinni um 1 milljarð króna. Þá á að skera barnabætur niður um 900 milljónir króna og vaxtabætur um 270 milljónir króna. Alls gera þetta 2,17 milljarða króna. Ljóst er að þessar breytingar koma verst niður á barnafjölskyldum og láglaunafólki. Ríkisstjórn sem kennir sig við jöfnuð og velferð ætti að leita annað eftir tekjumöguleikum.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á að hækka fjármagnstekjuskatt úr 18 í 20% og gefur það 1,5 milljarða króna í tekjuaukningu. BSRB leggur til að fjármagnstekjuskatturinn verði hækkaður í 23%, en það hefði í för með sér 3,75 milljarða króna í tekjuaukningu. Með slíkri breytingu væri hægt að hætta við niðurskurð á fæðingarorlofssjóði, barnabótum og vaxtabótum og beita skattkerfinu til jöfnuðar.

Þær ákvarðanir sem teknar eru í fjárlagafrumvarpinu hafa áhrif á hvernig samfélag við mótum til næstu ára. Hlífum þeim sem verst standa og sækjum frekar til þeirra sem meira hafa á milli handanna.